

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 638/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

Við B-lið 61. gr. komi nýr 3. töluliður, sem er svohljóðandi: Sjö menn í leikskólaráð og sjö til vara. Formannskjör. Númer þeirra töluliða B-liðar sem aftar standa breytast til samræmis.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka 1.2:

- a) Niður falla b. og c. liðir 1. mgr. 1. gr. viðauka 1.2.
- b) Í stað „liðum a-c“ í 2. mgr. 1. gr. komi: 1. mgr.
- c) Í stað „sbr. a-c lið 1. mgr. 1. gr.“ í 2. gr. komi: sbr. 1. mgr. 1. gr.

3. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki, er verður viðauki 1.6, um fullnaðarafgreiðslur leikskólaráðs án staðfestingar borgarráðs, svohljóðandi:

VIÐAUKI 1.6

Um fullnaðarafgreiðslur leikskólaráðs án staðfestingar borgarráðs.

1. gr.

Leikskólaráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003:

- a. Veiting leyfa til reksturs einkarekinna leikskóla, sbr. 7. gr. laga um leikskóla, nr. 78/1994.
- b. Ráðning skólustjóra leikskóla, sbr. 12. gr. laga um leikskóla, nr. 78/1994, með síðari breytingum.

Leikskólaráð getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungum fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

2. gr.

Framangreindar afgreiðslur leikskólaráðs, sbr. 1. mgr. 1. gr., skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu leikskólaráðs eða hann kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga, eftir því sem við á. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal leikskólaráð taka málið upp að nýju.

4. gr.

Niður fellur a-liður 2. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur sviðsstjóra menntasviðs og skólastjóra, núverandi b-liður verður a-liður.

5. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki, er verður viðauki 2.6, um fullnaðarafgreiðslur sviðsstjóra leikskólasviðs, svohljóðandi:

VIÐAUKI 2.6

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra leikskólasviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri leikskólasviðs afgreiðir, án staðfestingar leikskólaráðs, mál sem honum berast og talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka samkvæmt heimild í 58. gr. samþykktar þessarar og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003.

2. gr.

Sviðsstjóra leikskólasviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- a. Veita leyfi til dagforeldra og hafa jafnframt lögbundið eftirlit með þeirri starfsemi, eins og kveðið er á um í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum, nr. 907/2005, sbr. einnig 34. gr. laga, nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.
- b. Erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan sviðs eða annarra borgarstofnana, nefnda eða ráða Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Afgreiðslur skv. 2. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulegum fundi leikskólaráðs.

4. gr.

Sviðsstjóri leikskólasviðs getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu leikskólaráðs.

Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu sviðsstjóra skal sviðsstjóri vísa málinu til afgreiðslu leikskólaráðs.

5. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skv. 2. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnisýslulaga, eftir því sem við á. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal leikskólaráð taka málið upp að nýju.

6. gr.

Núverandi viðauki 2.6 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Reykjavík, verður viðauki 2.7.

Nr. 765

24. ágúst 2006

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. ágúst 2006.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 8. september 2006